

Yfirlit yfir verkefni markaðs- og kynningarfulltrúa

Árshátíð Rangárþings ytra og Ásahrepps: ég er búin að vera með yfirumsjón með þeim viðburði sem átti að vera haldinn 18. apríl. Búið var að skipa nefnd og funda í nokkur skipti, allt var ákveðið og bókað. En í ljósi aðstæðna var tekin ákvörðun um að fresta árshátíðinni þangað til í haust, svo ég hef verið að afbóka allt sem búið var að bóka.

Búkolla: set Búkollu inn á heimasíðu sveitarfélagsins og facebook alla þriðjudaga.

Töðugjöld 2020: Undirbúningsvinna fyrir Töðugjöld 2020 er hafin. Fundað verður með hverfinu sem kemur að skipulagningu í ár eftir páska.

Heilsueflandi samfélag: Sveitarfélagið stefnir að því að verða Heilsueflandi samfélag. Er ég tengiliður Embætti landlæknis og stýrihópsins sem hefur verið skipaður í þetta verkefni. Hef ég verið á fjarfundum og fyrirlestri með verkefnastýru HSAM og verkefnahópi HSAM. Hefur einn fundur verið haldinn með stýrihóp og hef ég verið að undirbúa undirskrift með landlækni sem átti að eiga sér stað í mars en hefur verið frestað um óákveðin tíma.

Heimasíða sveitarfélagsins: hef verið með daglega umsjón og sett inn fréttir, upplýsingar o.fl. á heimasíðu sveitarfélagsins.

Heimasíða sv. Suðurland: markaðs- og kynningarfulltrúum Rangárþings eystra og ytra var falið að sjá um heimasíðu sveitarfélags Suðurlands. Síðan var sett í loftið þann 7. apríl og höfum við verið að setja inn fréttir, myndir, starfsmenn, upplýsingar o.fl.

Auglýsingar og styrkir: ég hef verið að svara boðum til sveitarfélagsins um að auglýsa í miðlum. Einnig koma í flestum tilfellum beiðnir um styrki til mín og hef ég verið að svara þeim líka.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.: markaðs – og kynningarfulltrúar í Rangárþing eystra og ytra sjá um facebook síðu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu í samstarfi við starfsmenn hennar. Sjáum við um að setja inn tilkynningar, svara fyrirspurnum o.fl.

Oddi bs.: Ég hef séð um að láta setja upp og koma í dreifingu auglýsingum fyrir Odda bs vegna starfsmanna á leikskóla, skólustjóra grunnskólans á Hellu og fleira.

Fréttabréf – Þann 20. mars gaf Rangárþing ytra út rafrænt fréttabréf sem var í minni umsjá.

Faghópur ferðapjónustunnar – Ég er fulltrúi sveitarfélagsins í faghópi ferðapjónustunnar á Suðurlandi. Fundir með faghópnum hafa verið nokkuð reglulegir síðustu misseri vegna Covid-19 og þeirra áhrifa sem hún hefur á ferðapjónustuna.

Rangárþing ultra: samstarfsverkefni Rangárþings eystra og Rangárþings ytra, hefur verið til umræðu hjá mér og markaðs- og kynningarfulltrúa í Rangárþingi eystra og er stefnt að fara yfir málin á fundi sem fyrst.

Heimsóknir til ferðapjónustuaðila: Hef ég fengið boð um að koma og heimsækja ferðapjónustuaðila í sveitarfélaginu sem ég hef gert, hefur þó ekki verið tímafrekt, tekið mögulega 4 klst.

Viðbragðsteymi RY: Viðbragðsteymi hefur verið virkjað vegna Covid-19. Er ég fulltrúi í því teymi og er fundað þar reglulega.

Nýbúabæklingur og svæði á heimasíðu fyrir nýbúa: Ég hef aðeins farið yfir nýbúabæklinginn sem hefur verið í vinnslu en ekki haft tíma til þess að leggja lokahönd á hann. Hef ég unnið að efni fyrir nýbúa til að setja á heimasíðu sveitarfélagsins. Það er alveg að verða tilbúið.

Samningar við íþróttafélögin: Hef aðeins verið með umsjón samskipta vegna samninga við UMF Heklu og KFR.

Starfsmaður íþrótt- og tómstundanevndar: Einn fundur hefur verið haldinn síðan ég hóf störf.

Starfsmaður atvinnu- og menningarmálanefndar: Samantekt fyrir fundi og samvinnu um verkefni.

Starfsmaður stýrihóps Heilsueflandi samfélags: Hefur einn fundur verið haldinn með stýrihóp. Síðan hef ég verið að sjá um umsókn sveitarfélagsins ásamt undirskrift og skipulagningu á þeim viðburði.

Ég held að ég sé ekki að gleyma neinu, ykkur er velkomið að spyrja eins og þið viljið út í verkefni.